

Apríl 2024



Inngangur

Hér er lögð fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi sem nær yfir afmarkað svæði í Elliðaárdal.

Aðdragandi og tilgangur

Tilgangur með gerð lýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess. Eftir að ljóst varð að raforkuvinnslu í Elliðaárdalnum væri hætt um fjórsjúanlega framtíð ber Orkuveitunni skylda til að gera og fá samþykka áætlun um niðurlagningu virkjunarinnar í samræmi við við 79.gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Í því felst m.a að koma umhverfi virkjunarinnar til fyrra horfs eins og kostur er. Einnig þarf að gæta að menningarverðmætum.

Staðsetning og afmörkun

Deiliskipulagstillagan nær yfir svæði frá Árbæjarstíflu upp fyrir Blásteinshólma og neðan frá stíflunni meðfram Rafstöðvarvegi að Elliðaárvirkjun.

Viðfangsefni og meginmarkmið

Markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að uppfæra deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn þar sem árbæjarlónið verður ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir eru endurheimtir. Fjallað verður um nýtt hlutverk Árbæjarstíflu sem aðgengileg tenging yfir dalinn ásamt mögulegum dvalar og áningastöðum.

Í deiliskipulagsvinnunni verður lögð áhersla á lífríkið á svæðinu og hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna frárennslis frá byggð í Elliðaárna.

Neðan stíflunnar er markmið breytts skipulags að auka umferðaröryggi um Rafstöðvarveg meðan staðinn er vörður um sjónræn tengsl Árbæjarstíflu og Elliðaárvirkjunar.

Markmiðið er að umhverfi og dalurinn allur verði áfram einstök náttúra og útivistarperla.

Tengsl við aðrar áætlanir og stefnur

Svæðið er skilgreint sem borgargarður í Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Deiliskipulag er í gildi fyrir Elliðaárdalinn samþykkt í borgarstjórn 19.05.2020. Deiliskipulagið er í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins um nálægð við fjölbreytt útivistarsvæði og náttúrulegt umhverfi sem eru undirstaða að lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu. Deiliskipulagsbreytingin samræmist markmiði aðalskipulagsins að styrkja náttúru, landslag og útivistarsvæði í borginni sem hluta af bættum lífsgæðum og lýðheilsu.

Staðhættir og minjar

Elliðaárdalur er með stærri útivistarsvæðum borgarinnar. Jarðfræði svæðisins er margbreytileg og má til að mynda finna hraunmyndanir í og við árfarveg Elliðaánna. Gróðurfar er fjölbreytt og dýralíf í dalnum er umtalsvert. Elliðaárna eru mikilvægt vistkerfi en vatnasvið þeirra eru með stærri og mikilvægari ferskvatnssvæðum á höfuðborgarsvæðinu og þar er auðugt lífríki. Svæðið umhverfis árnar er verndað með hverfisvernd

Á svæðinu eru friðaðar minjar, mannvirki sem tilheyrja raforkuframléiðslunni. Stíflan og lónið eru staðsett á afmörkuðu verndarsvæðis fornleifa.



Elliðaárdalur
Aðalskipulag Reykjavíkur

Umhverfisáhrif áætlunar

Í umhverfismati áætlunarinnar verður fjallað um áhrif af fyrirhuguðum breytingum á nærliggjandi svæði, á vistkerfi, vatnsbúskap, auðlindir, landslag, heilsu, öryggi, hagkvæmni, veðurfar og varðveislugildi. Ásýnd og svipmót byggðar og fleiri umhverfisþætti.

Sérstaklega verði tiltekið í umhverfismati áætlunarinnar hvernig uppfyllt verði það ákvæði vatnalaga að umhverfi verði fært til fyrra horfs svo sem kostur er.

Samráðs- og umsagnaraðilar

- Minjastofnun Íslands
- Hafrannsóknarstofnun
- Hverfisráð, íbúasamtök og hollvinasamtök
- Orkustofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðieftirlit Reykjavíkur
- Veiðifélag Elliðaavatns
- Stangveiðifélag Reykjavíkur
- Náttúrufræðistofnun
- Íþróttafélagið Fylkir

Skipulagsferlið

Tímasetning helstu verkáfanga og kynninga fyrir almenning:

2024

Apríl	Afstaða tekin til gerðar og kynningar lýsingar. Lýsing unnin.
Mái	Lýsing fyrir deiliskipulag samþykkt til kynningar umhverfis- og skipulagsráði.
júní	Lýsing í auglýsingu
September	Umsagnir og athugasemdir vegna lýsingar kynntar í umhverfis- og skipulagsráði.
Oktober	Deiliskipulagstillaga kynnt í umhverfis- og skipulagsráði.
Nóvember	Auglýsing á deiliskipulagstillögu
Desember	Umsögn skipulagsfulltrúa vegna mögulegra athugasemda.
Desember	Deiliskipulagstillaga samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði og borgarráði.
Janúar	Tillögur sendar Skipulagsstofnun.
Janúar-Febrúar	Deiliskipulag staðfest í B- deild stjórnartíðinda.

Skipulagslýsingin er unnin í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur



Elliðaárdalur
Hluti af gildandi deiliskipulagi



Umhverfis- og skipulagssvið Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar
Þuríður María Guðmundsdóttir
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. júní 2024
UST202405-300/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á deiliskipulagi - Elliðaárdalur - Reykjavíkurborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

Í greinargerð kemur fram markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að uppfæra deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn þar sem árbæjarlónið verður ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir eru endurheimtir. Fjallað verður um nýtt hlutverk Árbæjarstíflu sem aðgengileg tenging yfir dalinn ásamt mögulegum dvalar og áningarstöðum. Í deiliskipulagsvinnunni verður lögð áhersla á lífríkið á svæðinu og hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna frárennslis frá byggð í Elliðaárna. Neðan stíflunnar er markmið breytts skipulags að auka umferðaröryggi um Rafstöðvarveg meðan staðinn er vörður um sjónræn tengsl Árbæjarstíflu og Elliðaárvirkjunar. Markmiðið er að umhverfi og dalurinn allur verði áfram einstök náttúru og útivistarperla.

Auk þess segir að í umhverfismati áætlunarinnar verður fjallað um áhrif af fyrirhuguðum breytingum á nærliggjandi svæði, á vistkerfi, vatnsbúskap, auðlindir, landslag, heilsu, öryggi, hagkvæmni, veðurfar og varðveislugildi. Ásýnd og svipmót byggðar og fleiri umhverfisþætti.

Sérstaklega verði tiltekið í umhverfismati áætlunarinnar hvernig uppfyllt verði það ákvæði vatnalaga að umhverfi verði fært til fyrra horfs svo sem kostur er.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að í dalsbotninum liggur hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Auk þess er eitt af einkennum dalsins landslag, klettamyndanir og jarðminjar sem mikilvægt er að vernda.

Fjalla þarf því um áhrif breytingarinnar á jarðminjar sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga í umhverfismati.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri



Reykjavík, 13. júní 2024
USK24050182

Umhverfis- og skipulagsvið

Umsögn íbúaráðs Breiðholts um breytingu á deiliskipulagi um Elliðaárdal nr. 0657/2024

Á fundi íbúaráðs Breiðholts þann 12. júní sl. var lögð fram umsagnarbeiðni Skipulagsgáttar dags. 30. maí 2024, um breytingu á deiliskipulagi um Elliðaárdal nr. 0657/2024. Jafnframt var samþykkt meðfylgjandi umsögn íbúaráðs Breiðholts. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og slembivalins sátu hjá við afgreiðslu málsins, sbr. 4. lið fundargerðar íbúaráðs Breiðholts sama dag.

Íbúaráð Breiðholts lagði fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðið vill vekja athygli á mikilvægi þess að kortleggja stofnstíg hjólreiða sem liggur núna úr 111 niður Höfðabakkann frá gatnamótum Vesturhóla þegar umrætt svæði er unnið þar sem um mikilvæga tengingu hjólreiðafólks úr 111 inn á stofnbraut hjólreiða í Elliðaárdalnum, upp á Höfðabakka. Þverun milli hverfa þarf að vera greiðfær, örugg og góð. Vill ráðið að fjölgað verði háum bekkjum í þágu eldra fólks og drykkjarfontum samhliða að hugað verði að sérstakri áningu með tjörn við vatnsinntak pípunnar, Árbæjarmegin, þar sem hægt verður að staldra við, horfa á fuglalífið með aðgengi og fallegu borgarumhverfi. Ráðið vill líka minna á skýrslu og vinnu stýrihóps sem skipaður var um framtíðarsýn Elliðaárdalsins en þar voru mikilvægar tillögur lagðar fram sem koma inn á þá þætti sem deiliskipulagsbreytingin kemur inn á eins og aðgengi allra að dalnum, mótvægisaðgerðir í þágu lífríkis og grænar yfirborðslausnir í þágu árinna.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í íbúaráði Breiðholts vill leggja á það áherslu að grundvöllur þessarar skipulagslýsingar er reistur á tæmingu Árbæjarlóns, tæming sem framkvæmd var í skjóli nætur haustið 2020. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála komst að þeirri niðurstöðu að sú athöfn hafi verið ólögleg. Dómsmál er enn í gangi fyrir Landsrétti vegna þess réttarágreinings. Af þeim ástæðum er skipulagslýsingin ótímabær. Sjá einnig bókun borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins undir dagskrárlíð 18. á fundi borgarráðs 2. maí síðastliðinn.

Elísabet Pétursdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða

Hjálagt: Umsögn



Reykjavík, 13. júní 2024
USK24050182

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Sendandi: Íbúaráð Breiðholts

UMSÖGN

Breyting á deiliskipulagi um Elliðaárdal nr. 0657/2024

Skipulagslýsingin nær yfir svæði frá Árbæjarstíflu upp fyrir Blásteinshólma og neðan frá stíflunni meðfram Rafstöðvarvegi að Elliðaárvirkjun en markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að uppfæra deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn þar sem árbæjarlónið verður ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir eru endurheimtir.

Íbúaráðið vill vekja athygli á að mikilvægt er að kortleggja stofnstígg hjólreiða sem liggur núna úr 111 niður Höfðabakkann frá gatnamótum Vesturhóla þegar svæðið er unnið enda um að ræða mikilvæga stofnbrautartengingu hjólreiðafólks úr 111 inn á net Elliðaárdalsins og upp á Höfðabakka aftur. Þverun milli hverfa þarf að vera greiðfær, örugg og góð. Því þarf að liggja fyrir hvort stofnstígurinn liggji um upplifunarbrúnna á stoðum stíflunnar eða hvort ný samgöngubrú verði byggð. Samhliða að fjölgað verði háum bekkjum í þágu eldra fólks og drykkjarfontum. Vill ráðið að hugað verði að sérstakri áningu með tjörn við vatnsinntak pípunnar, Árbæjarmegin, þar sem hægt verður að staldra við, horfa á fuglalífið með aðgengi og fallegu borgarumhverfi. Ráðið vill líka minna á skýrslu og vinnu stýrihóps¹ sem skipaður var um framtíðarsýn Elliðaárdalsins en þar voru mikilvægar tillögur lagðar fram sem koma inná þá þætti sem deiliskipulagsbreytingin kemur inn á eins og aðgengi allra að dalnum, mótvægisáðgerðir í þágu lífríkis og grænar yfirborðslausnir í þágu árinna.

¹ [Skýrsla stýrihóps um Elliðaárdal](#)



Skipulagsstofnun

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

UMSÖGN BIRT 25.06.2024

Skipulagsstofnun hefur borist erindi, þann 30. maí 2024 þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda deiliskipulagslýsinu. Skipulagsstofnun hefur ekki tök á að yfirfara lýsinguna og gefa umsögn vegna verkefnaálags og orlofstíma hjá stofnuninni en ef það er eitthvað sérstakt sem óskað er eftir að stofnunin skoði eða leiðbeini með þá er sjálfsagt að hafa samband vegna þess.



Íþróttafélagið Fylkir

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Reykjavík 27.júní 2024

Umsögn íþróttafélagsins Fylkis um breytingu á deiliskipulagi um Elliðaárdal nr. 0657/2024

Með vísan til beiðni umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um umsögn vegna skipulagslýsingar vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsbreytingar í Elliðaárdal leggur Íþróttafélagið Fylkir inn eftirfarandi umsögn.

Íþróttafélagið Fylkir hefur verið starfrækt við Fylkisveg í Árbæjarhverfi frá árinu 1967, í nágrenni við Elliðaárdal sem er fjölsóttasta útivistarsvæði borgarinnar. Eðli máls samkvæmt er saga útivistar- og íþróttaiðkunar í Árbæjarhverfi og saga Elliðaárdals, samofnar. Til dæmishafa iðkendur íþróttar í Fylki getað nýtt Elliðaárdal til hlaupa, í góðri sátt við náttúru og aðra þá sem nýta dalinn til útivistar. Þá hafa verið haldin skipulögð hlaup í dalnum um árabil, hestamenn hafa notið gæða Dalsins á efstu svæðum hans og stangveiðimenn stundað veiði á neðri svæðum.

Þar sem íþróttaiðkun og almennri útivist sleppir, er Elliðaárdalur samgönguleið gangandi vegfarenda og iðkenda hjá Fylki, úr öllum nærliggjandi hverfum, þ.e. Árbæjarhverfi, Selási, Ártúns- og Norðlingaholti auk Breiðholts, þaðan sem fjöldi iðkenda sækir íþróttasvæði Fylkis heim.

Fylkir leggur áherslu á að áfram ríki jafnvægi um nýtnu Elliðaárdalsins sem verið hefur um árabil, þar er lykilatriði að iðkendur hjá Fylki eigi greiða leið um dalinn og að dalurinn nýtist til fullnustu sem íþróttar- og útivistarsvæði líkt og verið hefur í áratugi.

Fylkir leggur einnig áherslu á að skipulag svæðisins þrengi ekki að núverandi aðstöðu félagsins og komi ekki í veg fyrir nauðsynlega uppbyggingu til framtíðar.

Að þessu sögðu vekur Fylkir athygli á því að réttarágreiningur er uppi vegna ákvörðunar Orkuveitu Reykjavíkur um tæmingu lónsins árið 2020, en sá ágreiningur hefur ekki verið til lykta leiddur fyrir dómstólum. Eðlilegt er að niðurstaða fái stíð í það mál áður en lengra er haldið.

Virðingafyllst,

Hörður Guðjónsson
Framkvæmdastjóri Fylkis

Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0067
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 30. maí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

Breytingin nær yfir afmarkað svæði í Elliðaárdal, frá Árbæjarstíflu upp yfir Blásteinshólma og neðan frá stíflunni meðfram Rafstöðvarvegi að Elliðaárvirkjun. Breytingin snýr að uppfærslu á gildandi deiliskipulagi þar sem Árbæjarlón er nú ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir Elliðaáanna hafa verið endurheimtir ofan við stíflustæðið.

Stefnt er að því í deiliskipulaginu að leggja áherslu á lífríkið á svæðinu. Til þess þarf að tryggja góðar upplýsingar s.s. um gróðurfar, fuglalíf og lífríki Elliðaáanna, ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa. Mikilvægt er því að framkvæma athuganir á vettvangi og bera saman við þau gögn sem til eru um náttúrufarið áður en lónið var tæmt. Þess ber að geta að stór hluti þeirra gagna er kominn nokkuð til ára sinna s.s. skýrslur Náttúrufræðistofnunar frá því um aldamót. Til viðbótar við breytingar vegna tæmingu lónsins hafa orðið ýmsar fleiri breytingar á svæðinu undanfarin ár m.a. á gróðurfari vegna aukinnar grósku almennt, aukinnar útbreiðslu framandi plöntutegunda, meiri nálægðar og áhrifa frá byggð o.fl.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um inntak og fyrirkomulag nauðsynlegra rannsókna og leggur til að gott samstarf sé einnig við fagaðila um vatnalíf s.s. Hafrannsóknarstofnun.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Reykjavík 28.6.2024

2024060320

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur: Mál nr. 0657/2024 í skipulagsgátt, Elliðaárdalur

Vísað er til máls nr. 0657/2024 í skipulagsgátt, Elliðaárdalur. Tilkynning um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

Í lýsingunni er tekið á flestum þeim umhverfispáttum er máli skipta varðandi skipulagssvæðið. HER telur þó nauðsynlegt að skerpa á ofanvatnsmálum. Komið hafa upp vandamál vegna mengaðs ofanvatns sem borist hefur frá svæðinu niður í Elliðaár. Að mati HER er nauðsynlegt að komið verði á einhvers konar hreinsun á ofanvatni úr húsagötum ofan við Elliðaárstífluna, t.d. settjörn/um sem gætu verið, að hluta eða öllu leyti innan skipulagssvæðisins. HER bendir á að samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns er sveitarfélaginu skylt að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og tryggja að vatnsgæði árinna haldist í sama flokki eða betra en það var við flokkun hennar árið 2007 (sbr. töflu 9.1 í rg. 796/1999). Að mati HER er ástæða til að ávarpa þetta í umhverfismati áætlunarinnar.

HER hefur fengið ábendingu um að á svæðinu við norðurbakka fyrir ofan Elliðaárstíflu hafi mögulega verið urðaðir bílar og telur HER að ástæða gæti verið til þess að frekari upplýsinga sé aflað um það og jafnvel skoðað með jarðkönnun á því svæði.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Helgi Guðjónsson

heilbrigðisfulltrúi

Guðjón Ingi Eggertsson

heilbrigðisfulltrúi

#Umsögn vegna Skipulagslýsingar vegna breytingar á deiliskipulagi Reykjavíkuborgar apríl 2024

Umsagnaraðili Stangaveiðifélag Reykjavíkur kt. 6202693799 stofnað 1939 með það að markmiði að vernda laxastofna Elliðaána.

Ástand Elliðaána er með eindæmum gott þrátt fyrir staðsetningu þeirra í miðri borg nálægt stórum samgönguæðum. Sérstaklega hefur vel tekist að viðhalda heilbrigðum og sjálfbærum laxastofni í ánum. Stangaveiðifélag Reykjavíkur hefur staðið að og fjármagnað með sölu veiðileyfa, rannsóknir á vistkerfi ána þ.m.t. laxastofninum og öðrum fiskistofnum, talningar á gönguseiðum, göngulöxum og veiddum löxum, veiðieftirlit og síðast en ekki síst hreinsun og umhirðu ána og bökkum þeirra.

Það liggur því gríðarleg þekking á lífríkinu og umhverfi ána inn í félaginu. SVFR er vakið og sofið yfir velferð ána og hefur því lagt gríðarlega áherslu á að vera með í ráðum þegar framkvæmdir eru við árnar, hversu smávægilegar sem þær kunna að teljast.

Margar af þeim aðgerðum OR til að færa Elliðaárnar í sitt fyrra horf hefur tekist með ágætum sbr. tæming Árbæjarlónsins sem varð t.d til þess lífríki ána varð enn náttúrulegra og við bætist að mófuglum fjölgandi á árbakkanum. Fiskurinn hefur fleiri staði til að leynast á. SVFR finnst þetta til bóta, bæði vegna lífríkis og ásýndar.

Við höfum hinsvegar áhyggjur af fjölda brúa sem nú eru í bígerð yfir árnar. Þeim fylgir oft ljósamengun og stundum eru þær áætlaðar yfir bestu veiðistaði ána. Við hjá SVFR erum alltaf tilbúin til að veita sérfræðiþekkingu í þess háttar málum og viljum.

Vegna aukinnar umferðar fólks í dalinn, þarf að auka þekkingu fólks á lífríkinu í dalnum umhverfinu til hagsbóta.

Við höfum áhyggjur af mengun í ánum, við viljum að það verði stígið fastar til jarðar með mælingar á vatnsgæðum Elliðaána. T.d með nýrri tækni sem hægt er að fylgjast með í rauntíma hitastigi, sýrustigi, kólígerlum, klórmengun og þess háttar og því hægt að bregðast hratt við ef einhver breytileiki verður á mælingum.

Við höfum einnig áhyggjur af fiskfarvegum í gegn um ósa Elliðaána. Það er mikilvægt að gönguseiði eigi greiðan aðgang út í sjó, og að göngufiskur eigi afturkvæmt í árnar. Að þessu þarf að huga þegar nýjar byggðir eru skipulagðar meðfram ósum árinna.

Fyrir hönd Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Ragnheiður Thorsteinsson

formaður

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholtss

Björn Gíslason

UMSÖGN BIRT 28.06.2024

Undirritaður hefur á fyrri stigum látið sig málefni Elliðaárlóns varða og skilaði meðal annars séráliti um skýrslu meirihluta stýrihóps um Elliðaárdal árið 2021. Í sérálitinu komu fram þau sjónarmið að með því að hleypa úr lóninu með varanlegum hætti og eyða þannig því lóni sem verið hefur fyrir ofan stífluna í a.m.k. 100 ár án nauðsynlegra skipulagsbreytinga eða leyfa og án nokkurs samráðs við íbúa á svæðinu, þá hafi verið brotið gróflega gegn lögum og rétti íbúa á svæðinu og í raun allra íbúa Reykjavíkur. Vísast að öðru leyti til fyrri skrifa um tæmingu lónsins, ástæður hennar, aðdraganda og afleiðingar.

Með þeirri skipulagslýsingu sem nú liggur í skipulagsgátt er ætlunin að uppfæra deiliskipulag þess svæðis sem um ræðir að þeirri forsendu gefinni að Árbæjarlón verði ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir séu endurheimtir. Innan dómskerfisins er enn deilt um þá ákvörðun sem skipulagsferlið hverfist um.

Undirritaður telur ótímabært að ákvarðanir verði teknar um nýtt deiliskipulag í Elliðaárdal á meðan enn er uppi ágreiningur um þá gjörð sem vænt deiliskipulag kæmi til með að grundvallast á.

Virðingarfyllst,

Björn Gíslason, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í íbúaráði Árbæjar.



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 3. júlí 2024

USK24050182

UMSÖGN

Umsögn fulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, íbúasamtaka, foreldrafélaga og slembivalins íbúa íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um breytingu á deiliskipulagi um Elliðaárdal nr. 0657/2024

Skipulagslýsingin sem um er rætt nær yfir svæði frá Árbæjarstíflu upp fyrir Blásteinshólma og neðan frá stíflunni meðfram Rafstöðvarvegi að Elliðaárvirkjun og er markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að uppfæra deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn í kjölfar tæmingar Árbæjarlóns og endurheimt árfarvegs og lífríkis. Skipulagið er því bæði eðlilegt og nauðsynlegt framhald vinnu síðustu ára og þeirrar breytingar sem orðið hefur á ásynnd dalsins. Enn fremur er um nauðsynlegt framhald að ræða á þeirri vegferð sem nú hefur verið staðfest með undirritun samnings á milli OR og Reykjavíkurborgar um skil OR á vatnsréttindum Elliðaáa. Íbúaráðið tekur undir ályktun Íbúaráðs Breiðholts á mikilvægi þess að kortleggja stofnstíg hjólreiða sem liggur núna úr 111 niður Höfðabakkann frá gatnamótum Vesturhóla þegar svæðið er unnið enda um að ræða mikilvæga stofnbrautartengingu hjólreiðafólks úr 111 inn á net Elliðaárdalsins og upp á Höfðabakka aftur. Þverun milli Árbæjar og Breiðholts þarf að vera greiðfær, örugg og góð. Því þarf að liggja fyrir hvort stofnstígurinn liggji um upplifunarbrúnna á stoðum stíflunnar eða hvort ný samgöngubrú verði byggð. Sé ætlunin að byggja sérstaka samgöngubrú við hlið Höfðabakkabráar eins og nú er gert ráð fyrir í skipulagi telur íbúaráðið afar mikilvægt að slíkt verði gert með þeim hætti að það rýri ekki frekar ásynnd svæðisins. Íbúaráð telur mikilvægt að fjölgað verði háum bekkjum í þágu eldra fólks í dalnum sem og drykkjarfontum. Íbúaráðið leggur áherslu á að hugað verði að sérstökum áningarstað við vatnsinntak pípunnar, neðan stíflunnar Árbæjarmegin. Þar er þegar manngerður veggur og lygna í ánni þar sem fólk staldrar við og horfir á fuglalífið. Þessa aðstöðu þarf að bæta og stækka íbúum sem og andfuglum árinna til bóta. Það er aukin heldur í samræmi við tillögur stýrihóps¹ sem skipaður var um framtíðarsýn Elliðaárdalsins en þar voru mikilvægar tillögur lagðar fram sem koma inná þá þætti sem deiliskipulagsbreytingin kemur inn á eins og aðgengi allra að dalnum, mótvægisaðgerðir í þágu lífríkis og grænar yfirborðslausnir í þágu árinna.



Reykjavík



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Hafnarfjörður 8.7.2024
Mál: 2024-05-0190

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

Með tölvupósti dagsettum 30.05.2024, sem barst gegnum skipulagsgátt, óskaði umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

Breytingin nær yfir afmarkað svæði í Elliðaárdal, frá Árbæjarstíflu upp fyrir Blásteinshólma og neðan frá stíflunni meðfram Rafstöðvarvegi að Elliðaárvirkjun. Markmiðið með deiliskipulagsbreytingunni er að uppfæra deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn þar sem Árbæjarlónið verður ekki lengur til staðar og náttúrulegir árfarvegir eru endurheimtir. Áhersla verður lögð á lífríkið á svæðinu og hugsanlegar mótvægisáðgerðir vegna frárennslis frá byggð.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við þessa breytingu á deiliskipulagi en leggur áherslu á að þegar fjallað verði um nýtt hlutverk Árbæjarstíflu sem tengingu yfir dalinn ásamt mögulegum dvalar og áningarstöðum verði lífríki árinna og vistkerfi dalsins haft í forgangi. Einnig leggur Hafrannsóknastofnun áherslu á að tryggt verði að frárennslis frá byggð hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki árinna. Mikilvægt er að vakta lífríki svæðisins vel vegna þeirra miklu breytinga sem átt hafa sér stað á vatnasviðinu, bæði af mannavöldum (t.d. mannvirki) og af náttúrulegum orsökum (t.d. framþróun gróðurs/skógrækt).

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Friðþjófur Arnason

Friðþjófur Arnason



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. júlí 2024
MÍ202405-0199/ 6.09 / 0645, 2914

Efni: Elliðaárdalur - skipulagslýsing vegna breytinga á deiliskipulagi

Minjastofnun barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 30. maí 2024 þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu vegna breytingar á deiliskipulagi sem nær yfir afmarkað svæði í Elliðaárdal, mál nr. 0657/2024. Meðfylgjandi erindinu var greinargerð, unnin af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar dagsett í apríl 2024. Skipulagslýsingin nær yfir svæði frá Árbæjarstíflu upp fyrir Blásteinshólma og neðan frá stíflunni meðfram Rafstöðvarvegi að Elliðaárvirkjun. Markmið með skipulagsbreytingunni er að uppfæra deiliskipulagið þar sem uppistöðulón verður ekki lengur til staðar eftir að raforkuvinnsla í dalnum hefur verið hætt. Fjallað verður um nýtt hlutverk Árbæjarstíflu og sjónræn tengsl hennar við Elliðaárstöð, sem hefur nú þegar fengið nýtt hlutverk, í deiliskipulagstillögunni.

Fyrir liggur skýrsla *Elliðaárdalur – Fornleifaskrá og húsakönnun*, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur árið 2020, skýrsla nr. 203. Er sú skráning í samræmi við 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar og telst hún fullnægjandi fyrir afgreiðslu þessa skipulags. Samkvæmt þeirri skýrslu eru skráðar fornleifar, hús og mannvirki sem falla undir lög um menningarminjar, innan skipulagssvæðisins sem taka skal tillit til við skipulagsgerðina.

Elliðaárvirkjun og mannvirki sem henni tilheyrir, þar með talið Árbæjarstífla, voru friðuð af mennta- og menningarmálaráðherra árið 2012 og teljast nú friðlýst samkvæmt 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Óheimilt er skv. 31. gr. laganna að gera breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands var boðið á kynningarfund og í vettvangsferð á vegum Orkuveitu Reykjavíkur í ágúst 2023 í tengslum við ofangreindar áætlanir. Í október sama ár barst stofnuninni erindi um breytingar á Árbæjarstíflu og aðveitustokki, sem tekin var fyrir á fundi húsafriðunarnefndar með eftirfarandi niðurstöðu:

Í tölvupósti og bréfum dagsettum 26. og 29. október 2023 óskar Orkuveita Reykjavíkur eftir heimild Minjastofnunar fyrir breytingum á tveimur friðlýstum mannvirkjum sem tengjast Elliðaárvirkjun, Árbæjarstíflu og aðrennislisögn að stöðvarhúsi. Með erindinu bærust gögn um sögu Árbæjarstíflu, ástandsskoðun mannvirkja og valkostir um þróun stíflumannvirkis frá Verkís ásamt hugmyndavinnu hönnunarhópsins Tetru um breytingar og endurnýtingu á umræddum mannvirkjum. Sótt er um að fella aðrennislisögnina saman en viðhalda sjónrænni tengingu milli stíflu og stöðvar sem jarðvegsmön með göngustíg ofan á. Þá óskar

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Orkuveitan eftir því að fjarlægja þá hluta Árbæjarstíflu sem byggðir eru eftir 1969 en nýta þrjá upphaflega stöpla hennar sem undirstöður fyrir nýja upplifunarbrú. Eiríkur Hjálmarsson sjálfbærnistjóri Orkuveitunnar mætti á fundinn og gerði nánari grein fyrir erindinu. Húsafríðunarnefnd er jákvæð fyrir þeim tillögum að breytingum á Árbæjarstíflu og aðrennslislögn sem kynntar voru á fundinum. Nefndin mælir með því að Orkuveitu Reykjavíkur veitt heimild til frekari hönnunarvinnu á grundvelli þeirra í samráði við Minjastofnun og húsafríðunarnefnd. Nefndin telur æskilegt að varðveita fleiri brot úr Árbæjarstíflunni en einungis elstu stöplana og bendir á það tækifæri sem í verkefninu felst sem stefnumarkandi dæmis um farsæla varðveislu og samþættingu iðnaðarminja og náttúru.¹

Minjastofnun bendir á að leiðrétta þarf hugtökin „fríðaðar minjar“ og „verndarsvæði fornleifa“ sem fram koma í skipulagslýsingunni. Réttara væri nota orðin „fríðaðar fornleifar“ og „fríðhelgunarsvæði“, en lesa má nánar um þessar skilgreiningar í lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Útlínur skráðra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna ásamt fríðhelgunarsvæði þeirra. Staðsetning og umfang húsa og mannvirkja sem falla undir lög um menningarminjar skal sýna á skipulagsuppdrætti. Taka þarf tillit til þeirra ábendinga og athugasemda sem fram hafa komið á fyrri stigum frá Minjastofnun og húsafríðunarnefnd varðandi breytingar á Árbæjarstíflu.

Þegar deiliskipulagsuppdráttur liggur fyrir skal hann sendur Minjastofnun Íslands til umsagnar.

Virðingarfyllst,


Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

¹ Fundargerð 8. fundur húsafríðunarnefndar 2023 haldinn 12. desember 2023